



Stjórn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs
Miðvikudaginn 6. febrúar 2019.

16. fundur stjórnar VG, haldinn á Hallveigarstöðum.

Katrín Jakobsdóttir stýrði fundi.

Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Mætt eru: Katrín Jakobsdóttir, Edward Huijbens (á fjarfundi), Una Hildardóttir, Ingibjörg Þórðardóttir (á fjarfundi), Anna Guðrún Þórhallsdóttir (á fjarfundi), Ingvar Arnarson (á fjarfundi), Álfheiður Ingadóttir, Daníel Arnarsson, Ragnar Karl Jóhannsson, Einar Bergmundur Þorgerðarson Bóasaron, Kolbeinn Óttarsson Proppé (fh. Þingflokks), Ólína Lind Sigurðardóttir (UVG), Þóra Elfa Björnsson (EVG), Fh. Starfsmanna; Björg Eva Erlendsdóttir, Bjarki Þór Grönfeldt, Anna Lísá Björnsdóttir, Kári Gautason og Bergþóra Benediktsdóttir.

Fundur settur kl. 17.10

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar lögð fram og hún samþykkt.
2. Flokksráðsfundur og afmæli VG 8. – 9. febrúar.
Lokaundirbúningur er í fullum gangi. Björg Eva fer yfir undirbúning og umgjörð. Góð stemning fyrir fundinum og verið að leggja lokahykk á undirbúning. Erlendir gestir verða á fundinum og þarf að huga að móttöku þeirra. Flokksráðsfundur fer svo fram með hefðbundnu sniði á föstudag.
3. Ályktanir fyrir flokksráðsfund og störf ritstjórnar.
Ritstjórn hefur hafið störf og farið yfir innsendar ályktanir. Spurning hvort nauðsynlegt sé að stjórn semji almenna stjórn málaályktun. Umræður um framkomnar ályktanir og farveg fyrir þær á fundinum. Fulltrúar í ritstjórn gera grein fyrir vinnunni framundan. Formanni falið að vinna drög að almenntri stjórn málaályktun og bera undir stjórn.
4. Norræn málefni, útgáfustarfssemi flokkahóps Vinstri grænna.
Flokkahópur vinstri grænna í norðurlandaráði hugar að bókaútgáfu um Vinstri, velferð og skatta. Hópurinn mun þróa vinnuna áfram. Aðkoma Vinstri grænna yrði að vera innan handar við val á efni útgáfuna. Einnig

er verið að huga málþingi um efnið.

5. Sameiginlegur fundur stjórnar og þingflokks 5. apríl.
Framkvæmdastjóra falið að vinna málið í samvinnu við framkvæmdastjóra þingflokks í samráði við framkvæmdastjórn.
6. Önnur mál.
 - a. Fundur með hópstjórum – mikilvægt að finna tíma f. hann sem fyrst.
 - b. UVG – partý á morgun kl. 19.30 út á Bergson RE út á Granda. Öll stjórnin er velkomin.

Fundi slitið kl. 17.50.